

109. fundur

Fimmtudagur 14. mars
Skrifstofa SHA



Stúdentaráðs

2024 kl. 17:00

Fundarritari: Hanna Karin

Mættir: Sólveig Birna (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Hulda, Cristina, Rakel, Silja, Fanney, Páll, Bryndís, Lilja (teams), Æsa, Sóldís (teams, 25 min), Berglind (mætti 17:41), Hildur (mætti 17:43).

Fundur settur: 17:02

Fundardagskrá

1. Staðan: Möguleg sameining HA og Háskólans á Bifröst

- Sólveig Birna ræddi um þær staðreyndir sem eru komnar upp á yfirborðið varðandi sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst.
- Fengum í gegn að þrír aðilar úr stúdentaráði fengi að sitja fundi.
- Næsti fundur í byrjun maí.
- Búið að mynda stýrihópa, þau hittust 6. og 7. mars og þar kom ýmislegt í ljós. Þau munu aftur hittast eftir páska og það koma reglulegar fréttir um stöðuna.
- Sólveig sagði Stúdentaráði frá ráðningu rektors og að það væru tveir fulltrúar og tveir kennarar sem fara inn á fund með háskólaráði, Sólveig og Rósý eru fulltrúar nemenda.
- Minnum á opna fundinn – öll velkomin.
- Framkvæmdastjórn hefur verið að ræða við rektor á samráðsfundum varðandi viðskiptafræði og lotur. Hugmyndin er að fara með erindi inn á Gæðaaráðsfund, síðan Háskólaráðsfund og ef þau samþykja þá geta þau sett reglur sem á við um deildirnar og lotur. Lilja meðtók að það yrði mjög sterkt að fara með þetta inn á gæðaráðsfund. Stúdentaráð samþykkti að bréfið mætti fara til Gæðaráðs með fyrirvara um uppfærslu á næstu dögum.

2. Önnur mál

- a. Vísó í coca- cola fyrir aðildarfélög

- Við eigum fjórar 30 manna ferðir eftir. Sólveig Birna lagði upp með að nýtt stúdentaráð færi og restin dreifðist á aðildarfélög.
- Þessar ferðir gilda fram að lok júlí.

b. Stjórnarskipti 2024

- Undanfarin ár hafa stjórnarskiptin verið haldin á Strikinu og kostar rúmlega 400.000 krónur. Á þessu starfsári hefur mikið verið um hópefli og því lagði framkvæmdastjórn til að vera á Borgum í þetta skiptið, þó með mat og drykkjum. Stefnan er enn þá að fara á Vamos þar sem allir fulltrúar úr nefndum og ráðum eru velkomin.
- Stúdentaráð tók vel í þessar hugmyndir og voru sammála.
- Lagt var upp með 5. apríl. Stúdentaráð samþykkti það.

c. Vefverslun óskum eftir tillögum. Skiptum í hópa.

Óskað var eftir hugmyndum fyrir HA varning, þær voru skráðar niður í fundargögnum

d. Beiðni um úttekt úr fræðslu- og menntunarsjóði SHA

- Erla Salome fór suður á málþing sem fulltrúi hjúkrunarfræðinema.
- Sólveig Birna lagði beiðnina upp til samþykktar. Stúdentaráð samþykkti.

e. Lilja með önnur mál

- Lilja sagði frá verkferli sem er til ef ritstuldur kemur upp.
- Lilju finnst þær ekki nægilega skýrar.
- fulltrúi nemenda í gæðaráði hafi verið í þessum umræðum og gefur tækifæri til að gera betur
- Þetta er allt í samtali við Vöku
- Síðustu ár hefur ekki verið næg eftirfylgni.
- Rakel tók undir með Lilju og sagðist einnig hafa heyrt um þetta.

f. Cristina með önnur mál - Nýr gjalddagi

- Cristina fjallaði um ályktunina og stúdentaráð ræddi um stöðuna í kjölfarið.
- M.a. rætt um tímapressu og fjárhagsleg áhrif, sveigjanleika og aðgengi að menntun, nýnema o.fl
- Stúdentaráð einróma um að Stúdentaráð láti Huldu fara með þessa ályktun inn á Háskólaráðsfund.

g. Sólveig Birna með önnur mál - Verkefnastjóri námsamfélags

- Sólveig fjallaði um þessa stöðu sem hefur verið í bígerð. Við í framkvæmdastjórn vildum að þessi starfsmaður yrði á okkar vegum.
- Verkefnastjóri námsamfélags, þar kemur fram að forgangsatriðið er að efla námssamfélagið.
- Við í framkvæmdastjórn fáum að hafa áhrif á þessa starfslýsingu.
- Lagt er til að þessi starfsmaður byrji í haust.

h. Framkvæmdastjórn með önnur mál

- Rósy varpaði upp breytingatillögu sem varðaði fjárhag aðildafélaga.
 - Rakel kom með tillögu hvort lágmarkið ætti að vera lægra.
 - Stúdentaráð var sammála um þessar tillögur sem bornar verða upp á Aðalfundi SHA
- Sólveig kynnti einnig fyrir Stúdentaráði þær breytingatillögur sem framkvæmdastjórn mun koma með:
 - Leggja niður fulltrúa nýsköpunar og frumkvöðlanefndar og færu hlutverk hans undir kynningarnefnd.
 - Undanfarin fjögur ár var skipað ólöglega fulltrúa í Háskólaráð. Sólveig leggur til að Hulda klári þessa þrjá fundi sem eru eftir af tímabilinu. Stúdentaráð samþykkti.
 - Rætt var um samþykktarákvæði um fulltrúa í háskólaráði, það mun þurfa að koma með bráðabirgða ákvæði til þess að rétta af þannig að fulltrúi stúdenta hefji störf á sama tíma og nýtt Háskólaráð. Sólveig ætlar að heyra í lögfræðingi HA.

Fundi slitið: 18:49